

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 143/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

X

(Örn Clausen hrl.).

Skírlífisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Ákærvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. mars 1992 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði viðurkennt, að háttsemi sinni sé rétt lýst í ákæru málsins. Málsatvikum er og skilmerkilega lýst í dóminum.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða er hliðsjón höfð af 77. gr. almennra hegningarlaga, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Eins og atvikum og eðli brots er háttað og lýst er í héraðsdómi, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er ákærði sekur um brot gegn 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vegna háttsemi, er beindist að ungri dóttur hans, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Við ákvörðun á viðurlögum vegna brotsins er til margs að líta og þá meðal annars til sifskaparþáttar málsins og velferðar barnsins sjálfs. Um hana skipta þau úrræði, sem unnt er að leita utan réttar, ekki minna máli en þær refsingar, sem dómstólum er fært að útteila, auk þess sem þær hafa sínar neikvæðu hliðar í þessu tilliti. Ákærði hefur ekki áður orðið brotlegur við almenn hegningarlög. Hann játaði verknað sinn hreinskilnislega, þegar á hann var gengið, og er ákæra í málinu aðallega byggð á þeirri játningu, þótt hún styðjist einnig við frásögn telpunnar hjá sálfræðingi. Atferli ákærða var ekki tengt ofbeldi eða kúgun eða óreglusömu lífernri, og að mati geðlæknis er hann ekki haldinn hneigð til kynmaka við börn eða ranghugmyndum um réttlætingu þeirra. Telur læknirinn hann hafa leiðst til verknaðarins vegna skammvinnrar brenglunar. Brot af þessu tagi hafa í för með sér alvarlega og óræða hættu, en að svo komnu hefur þess ekki orðið vart, að neikvæðar afleiðingar af háttsemi ákærða hafi komið fram í fari telpunnar eða breyting orðið á viðhorfi hennar til föður síns eða annarra. Sjálfur hefur ákærði reynt að bregðast við skaðsemi verknaðarins með þeim ráðum, sem honum voru tiltæk.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 12 mánuði. Jafnframt sé rétt að fresta fullnustu á þeim hluta refsingarinnar, sem er umfram 3 mánuði, og falli hann niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1992.

Ár 1992, föstudaginn 14. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómsmála, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1992: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. október 1991, á hendur ákærða, X, Reykjavík, f. 1956, „fyrir skirlífisbrot með því

að hafa 27. desember 1990 og 10. janúar 1991 haft kynferðismök við fjögurra ára dóttur sína á heimili sínu með eftirgreindum hætti:

Í fyrra skiptið sleikt fótleggi telpunnar og kynfæri, sett tunguna inn í kynfæri hennar, komið lim sínum milli læra telpunnar og hreyft hana til með þeim hætti, að honum varð sáðfall.

Í seinna skiptið viðhaft sömu háttsemi og í fyrra skiptið og að auki stungið fingri inn í kynfæri hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

— — —

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn 24. janúar sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa verið einn heima með dóttur sinni 27. desember 1990 og 10. janúar 1991 og þau í bæði skiptin verið stödd í sjónvarpsherbergi, er fram kemur á ljósmyndum meðal gagna málsins. Í fyrra tilvikinu kvaðst ákærði hafa leikið við dóttur sína með læknadóti, er hún átti, og hafi atburðir þróað á þann hátt, er ákærði lýsti hjá lögreglu 1. febrúar 1991, og ákærði viðhaft þá háttsemi, er lýst er í ákæru. Í síðara skiptið kvaðst ákærði hafa leikið við dóttur sína, en ákærði að lokum viðhaft þá háttsemi, er lýst er í ákæru. Ákærði kvaðst í bæði skiptin hafa setið í sófa í sjónvarpsherberginu og dóttir sín setið ofan á sér. Ákærði kvaðst hafa komið lim sínum fyrir milli læra stúlkunnar og hreyft stúlkuna með þeim hætti, að honum varð sáðfall. Ákærði lýsti því hjá lögreglu, hvernig hann hefði orðið kynferðislega æstur, er hann lék við dóttur sína í fyrra skiptið, og tekið að sleikja læri dóttur sinnar og kynfæri. Í síðara skiptið kvað ákærði dóttur sína hafa hvíslað að sér, „hvort við ættum að gera eins og við gerðum um daginn”. Ákærði kvaðst strax hafa áttað sig á því, við hvað stúlkan hefði átt. Ákærði kvaðst hafa neitað þessu og kvaðst hafa ákveðið eftir atvikið 27. desember 1990, að slíkt skyldi aldrei henda aftur. Ákærði kvaðst þrátt fyrir þetta hafa látið undan kendum sínum, eins og hann orðaði það, og viðhaft sams konar háttsemi gagnvart dóttur sinni og í fyrra sinn, en auk þess stungið fingri inn í kynfæri stúlkunnar. Ákærði staðfesti framburð sinn hjá lögreglu fyrir dómnum.

Við dómsyfirheyrsluna 24. janúar sl. kvað ákærði háttsemi, er lýst er í ákæru, hafa staðið stutta stund í hvort skipti, og giskaði á nokkrar mínútur og í það mesta 10 mínútur. Ákærði kvaðst hvorki hafa verið undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna. Ákærði kvaðst ekki enn hafa áttað

sig á því, hvað hafi komið yfir sig, er þessir atburðir urðu, og ekki enn fengið skýringu á því og ekki vera sáttur við skýringar, er fram hafa komið í viðtölum við geðlækni, en ákærði kvaðst fljótlega eftir atburði, er í ákæru greinir, hafa leitað aðstoðar hjá Péttri Haukssyni geðlækni og enn sækja viðtöl tvisvar í viku.

Vitnið Pétur Hauksson geðlæknir, Akurholti 10, Mosfellsbæ, kom fyrir dóminn 31. janúar sl. og staðfesti skýrslu sína frá 20. s. m. Í skýrslu geðlæknisins segir m. a. svo:

„ — — —

Niðurstaða.

X bjó við óvenjuerfiða æsku, mátti þola ótrúlegt og tilviljunarkennt ofbeldi í mörg ár og varð einnig fyrir kynferðislegri áreitni. Hann hafði unnið mikið, aðallega úti á landi, og því lítið getað umgengist dóttur sína. Hann lagði rangt mat á tilfinningar og þarfir barnsins og varð uppvís að sifjaspelli í tvígang og hefur viðurkennt brot sitt. Hann hefur komið í viðtöl til undirritaðs, frá því að hann framdi verknaðinn, en í viðtölunum fordæmir hann verknað sinn, lýsir iðrun og eftirsjá, greinilega af mikilli einlægni. Ekki koma fram eiginleikar kynferðisafbrotamanna, svo sem viðvarandi rangt mat á kynferðislegum þörfum og löngunum barna.“

— — —

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er ákært er út af, og eru brot rétt heimfærð til refsíakvæða í ákæru. Ákærði hefur þannig gerst sekur um önnur kynferðismök en samræði gagnvart dóttur sinni, sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið var, gekkst ákærði greiðlega við brotum sínum, og hefur hann leitað aðstoðar geðlæknis vegna háttsemi sinnar.

Árið 1978 sætti ákærði dómsátt fyrir fíkniefnabrot, en hefur ekki sætt öðrum refsingum.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákvörðuð fangelsi í tíu mánuði. Svo sem rakið var, hefur ákærði ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög. Eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða skilorðsbundið í þrjú ár frá dómsuppsögu að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. 65.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 65.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstarlögsmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. 65.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í rikissjóð, og 65.000 kr. í málsvarnaralaun til Arnar Clausen hrl.
